

## Mánudaginn 30. marzmánaðar.

Nr. 34/1902:

Árni Zakaríasson

gegn

J. G. Halberg.

## Dómur:

Hinn stefndi veitingamaður J. G. Halberg í Reykjavík lét fógetann þar hinn 25. apríl f. á. birta fyrir áfrýjanda, Árna verkstjóra Zakaríassyni, bann þess efnis, að rekvisitus var fyrirboðið að »láta fyrirberast við dyrnar á hótél Ísland eða á götunni umhverfis það í því skyni að tálma aðsókn að því, með því að telja menn af að fara þangað inn til að kaupa veitingar«. Síðan höfðaði J. G. Halberg mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Árna Zakaríassyni til staðfestingar lögbanninu, og var það dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 18. sept. f. á., á þá leið, að fógetabannið var staðfest og Árni Zakaríasson dæmdur til að greiða J. G. Halberg 15 kr. Dómi þessum hefir Árni Zakaríasson skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 13. nóv. f. á., og krafist þess, að fógetabannið frá 25. apríl f. á. verði ásamt dóminum felt úr gildi og J. G. Halberg dæmdur til að greiða áfrýjanda hæfilegan málskostnað fyrir báðum réttum. Af sinni hálfu hefir stefndi J. G. Halberg krafist þess, að dómur undirréttarins verði staðfestur og að honum verði tildæmdur málskostnaður.

Þó að það í máli þessu teljist nægilega sann- að, að áfrýjandi hafi »talið menn af því að fara inn á hótél Ísland til að kaupa veitingar« (þ. e.

vínveitingar) eða að hann að minsta kosti hafi beitt fortölum í þessu skyni, þá verður eigi séð, að hann með þessu móti hafi brotið nein lög, sem sett eru til verndar atvinnurétti hins stefnda, eða farið út fyrir þau takmörk, sem með löggjöfinni eru sett fyrir lögmætum gjörðum íslenskra borgara. Þá verður þetta eigi fremur fyrir þá sök talið brot á atvinnurétti hins stefnda, að áfrýjandi beitti þessum fortölum við dyrnar á hótél Ísland, húseign stefnda, eða á götunni umhverfis það, en í máli þessu er honum hvorki gefið það að sök, að hann hafi raskað húsfríði stefnda, né raskað almenningufríði á götunni. Samkvæmt þessu hefir fógetabannið frá 25. apríl f. á., eins og það liggur fyrir, eigi heimild í lögum vorum, og verður því að fella það úr gildi samkvæmt kröfu áfrýjanda, og breyta hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi í þessa átt. Eftir þessum úrslitum álist rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir báðum réttum, sem ákveðst 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Fógetabannið frá 25. apríl f. á. er úr gildi felt. Stefndi J. G. Halberg greiði áfrýjanda Árna Zakariassyni 40 kr. í málskostnað innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.